



Lagt fyrir fund forsætisnefndar 13. mars 2020

Bréf

Viðtakandi: Forsætisnefnd
Sendandi: Þróstur Sigurðsson

Efni: Óskað er eftir samþykki um notkun á nýju stafrænu merki fyrir Reykjavíkurborg.

Greinargerð: Meginástæðan fyrir nýrri útgáfu af stafrænu merki Reykjavíkur er tvíþætt. Annars vegar mótun á upplifun fólks af ásýndinni og hins vegar hönnunarlegar takmarkanir.

Til að móta stefnu sem kjarnar okkar persónuleika voru haldnar vinnustofur þar sem þverfaglegur hópur starfsfólks ræddi og sameinaðist um gildi Reykjavíkur — vingjarnleg, litrík og traust.

Með gildin að leiðarljósi var upplifun fólks á merki Reykjavíkur skoðað. Niðurstaðan var sú að uppfæra merkið í takt við nýja, stafræna tíma og gera vingjarnlegt og traust merki sem skalast vel og nýtur sín á ólíkum miðlum.

Þá var einnig sóttur innblástur í upprunalegar skissur Halldórs Péturssonar frá 1956 og mætti því sannarlega segja að við séum komin heilan hring.

Helstu breytingar

Litur og yfirbragð

Til að fá ferskara yfirbragð og ganga úr skugga um að blái liturinn njóti sín vel á öllum skjám og miðlum var aðallitur Reykjavíkur lýstur upp. Nýi liturinn er bæði léttari og litsterkari, ásamt því að skjávænn tónn hans hentar vel til notkunar á stafrænum miðlum.

Nafn og ímynd

Í stað þess að tala um Reykjavíkurborg er notast við Reykjavík eins og fólk gerir í daglegu máli, þannig gerum við ásýndina vingjarnlegri.

Letur

Nýtt og ferskt íslenskt letur, L15, var valið til að standa með skjaldarmerkinu. Það er mikilvæg ímyndarsköpun sem felst í því að notast við séríslenska hönnun, en L15 nær

að kjarna öll þau einkenni sem starfshópnum þóttu mikilvæg. Það er vingjarnlegt, einstakt og sjarmerandi – en samt sem áður traustvekjandi.

Skalanleiki og einföldun

Á skjámiðlum þarf merkið að geta virkað bæði lítið (samfélagsmiðlar) og stórt (stórir skjáir). Þunnar línurnar í teikningunni í upprunalega merkinu tynast og verða ógreinilegar þegar það er smækkað sem gerir merkið sjálft ólæsilegra og ekki eins auðþekkjanlegt. Með því að fjarlægja þunnar línur og einfalda merkið tryggjum við að það sé auðþekkjanlegt í öllum stærðum. Upprunaleg merking heldur sér samt og öndvegissúlunum og öldunum er einnig gert hærra undir höfði.

Virðingarfyllt,









Reykjavík



Hæ!

Hvernig getum við aðstoðað?





Reykjavík 26. maí 2020

Umsögn um tillögu að nýju rafrænu merki Reykjavíkurborgar

Nýtt rafrænt skjaldarmerki Reykjavíkurborgar hefur verið í undirbúningi og er tilgangurinn að gera merkið notendavænna og vinalagra. Í rafrænu útgáfunni sem lögð hefur verið fram til kynningar er merkið talsvert einfaldað og nýr litur kynntur til sögunnar.

Umsögn upplýsingastjóra

Merki Reykjavíkurborgar sýnir hvítar öndvegissúlur Ingólfs Arnarsonar og öldur á bláum grunni og gotneskum skildi. Það var teiknað af Halldóri Péturssyni, teiknara, sem var ráðinn til að útfæra merkið á grundvelli samkeppni sem bæjarstjórn Reykjavíkur efndi til í mars 1951. Endanleg útfærsla merkisins var samþykkt á fundi 14. maí 1957 og hlaut samþykki bæjarstjórnar 6. júní það ár. Þann 10. ágúst 2004 samþykkti borgarráð Reykjavíkur nýjar reglur um notkun á merki Reykjavíkurborgar sem enn eru í gildi.

Í nýju merki er liturinn talsvert ljósari en í upphaflega skjaldarmerkinu og lítur út fyrir að um tvö ólík merki sé að ræða. Skjaldarmerkið á sér sess í hugum borgarbúa og e.t.v. væri ráð að bera þessa breytingu undir þá líkt og gert hefur verið í svipaðri vinnu hjá nágrennaborgum, t.d. Osló. Reykjavíkurborg vill stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti þetta verkefni verið tilvalið í að leyfa borgarbúum að taka þátt í ferlinu og segja sína skoðun.

Skjaldarmerkið er höfundarréttarvarið verk Halldórs Péturssonar og því er skylt að bera breytingar á merkinu undir erfingja hans. Það hefur verið gert og eru þeir sáttir við breytingar sem einfalda gerð merkisins en ósáttir við ljósan lit nýja merkisins. Hjálagður er tölvupóstur frá þeim.

Í stað heitisins Reykjavíkurborg undir merkinu er lagt til í greinargerð með nýrri útgáfu að hafa einungis Reykjavík þar sem það geri ásýndina vinalagri. Reykjavík er höfuðborg og eina borg landsins og gegnir mikilvægu stjórnsýsluhlutverki og því ekki rétt að einfalda heitið á þennan hátt. Ekki verður séð að notkun á orðinu Reykjavíkurborg sé óvinsamleg íbúunum á nokkurn hátt. Hins vegar mætti hugsa sér að nota mætti hvorutveggja Reykjavík og Reykjavíkurborg undir skjaldarmerkinu.

Í ljósi umsagnar erfingja Halldórs Péturssonar væri heppilegra að halda samþykktum og núverandi bláum lit í merkinu en leyfa tillagða einföldun á merkinu. Upprunalegur litur rímar vel við þann hönnunarstaðal sem er í vinnslu hjá borginni. Notkun núverandi djúpblás lits í báðum merkjunum, núverandi skjaldarmerki og því nýja rafræna, myndi draga úr þeim áhrifum að um tvö ólík merki sé að ræða.

Mikilvægt er að skjaldarmerki Reykjavíkurborgar sé gert hátt undir höfði og það notað sem víðast í starfsemi borgarinnar. Upplýsingadeild hefur vaktað það að merkinu sé sýnd tilhlýðileg virðing, farið sé eftir reglum um notkun þess og það notað til að auðkenna starfsemi borgarinnar og útgæfið efni á hennar vegum eins og segir í upplýsingastefnu borgarinnar. Þá hefur verið gengið eftir því að skjaldarmerki borgarinnar sé birt á síðum stofnana og hátíða sem þiggja styrki frá borginni, t.d. á síðu Borgarleikhússins og Tjarnarbíós, svo eitthvað sé nefnt.

Niðurstaða

Ný stafræn og vel heppnuð útgáfa af skjaldarmerkinu væri kærkomin og tímabær viðbót við fyrri útgáfu merkisins en mikilvægt er að sú útgáfa verði sem líkust núverandi merki þannig að þeir sem beri nýja merkið augum velkist ekki í vafa um að um sé að ræða skjaldarmerki Reykjavíkurborgar

Bjarni Brynjólfsson

upplýsingastjóri

Bjarni Brynjólfsson

Frá: Ágústa <agustah@hive.is>
Sent: miðvikudagur, 13. maí 2020 16:39
Til: Hulda Gunnarsdóttir
Afrit: Pési og Olla; Dora; Bjarni Brynjólfsson
Efni: Re: Rafrænt skjaldarmerki Reykjavíkurborgar

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flagggað

Komdu sæl Hulda

Takk fyrir að láta okkur, eigendur höfundarréttarins, vita af vinnunni með merki Halldórs Péturssonar fyrir stafræna Reykjavík.

Okkur systkynum líkar vel hvernig haldið hefur verið í megindráttum í upprunann.

Það sem út af stendur er að það var búið að ákveða fyrir nokkrum árum lit merkisins en nú á að útvatna hann enn frekar, það er miður.

Við viljum halda litnum sem er á blaðsíðu 5 og merktur er núverandi ef þess er nokkur kostur. Það er mikill munur á skýrleika merkisins í dekkri litnum og það kemur skýrar út í smærri gerð þess.

Annað í þessari vinnu við stafræna útgáfu merkisins erum við sátt með.

Ágústa Halldórsdóttir 111054-4369
Pétur Halldórsson 280452-4169
Halldóra Halldórsdóttir 170449-4289

On 13 May 2020, at 15:51, Hulda Gunnarsdóttir <hulda.gunnars@reykjavik.is> wrote:

Góðan daginn.

Hjá Reykjavíkurborg er nú verið að hanna rafræna útgáfu af skjaldarmerki Reykjavíkurborgar. Þar sem merkið er höfundarvarið og þið eruð afkomendur Halldórs Péturssonar, listamanns, sem hannaði merkið er rétt að upplýsa ykkur um þá vinnu og senda ykkur kynningu á nýju merki. Vinsamlegast skoðið meðfylgjandi skjal þar sem breyting á merkinu er rökstudd og sendið okkur athugasemdir.

Fyrir hönd upplýsingadeildar Reykjavíkurborgar

Hulda Gunnarsdóttir

Með bestu kveðju/Best regards
Hulda Gunnarsdóttir
Upplýsingafulltrúi/Information Officer
Upplýsingadeild/Communications Office
Ráðhúsi Reykjavíkur/City Hall
Tjarnargötu 10
101 Reykjavíkur
Farsími/Mobile 00 354 698 8474



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík 28. maí 2020

Viðbrögð við umsögn upplýsingadeildar um tillögu að nýju rafrænu merki Reykjavíkurborgar


Það er fagnaðarefni hversu vel umsagnaraðilar taka í notkun á nýju stafrænu merki.

Það er vel hægt að útfæra merkið með þeim hætti sem talað er um í umsögn upplýsingadeildar þ.e.a.s. með upprunalega litnum. Hins vegar er það mat þeirra hönnuða og sérfræðinga sem komu að þessari endurgerð að ljósblái liturinn nái betur til notenda á stafrænum miðlum heldur en sá dekkri.

Yfirbragð ljósbláa merkisins er léttara og vingjarnlegra, merkið er greinilegra þegar það er minnkað og liturinn er skýrari á skjám sem gera hann aðgengilegri. Fjöldi fyrirtækja og stofnana eru nú að uppfæra útlit sitt og liti með það að markmiði að skerpa og léttu á ímynd sinni. Það er gert til að auka sýnileika sinn á stafrænum miðlum. Sem dæmi um þetta mætti nefna Vegagerðina, Samfylkinguna, Arion banka, Íslandsbanka, KSÍ, Stjórnarráðið og svo mætti lengi telja.

Merkið er okkur öllum kært og það er mikilvægt að vanda til verka við meðferð þess. Þess vegna viljum við einnig ítreka að við erum ekki að fara fram á að upprunalegt merki og litur verði lagt niður, heldur erum við að bæta í flóruna til að endurspegla fjölbreytileika Reykjavíkur og marka okkur sem nútímalega þjónustuborg. Við teljum að þau rök sem við höfum fært fram séu bæði skýr og fagleg, en leggjum þetta nú í ykkar hendur.

Hér er dæmi um litamuninn, en hann skilar sér mögulega ekki nægilega vel á útprentuðu formi



Í ljósi umsagnar er óskað eftir heimild til að nýta stafrænu útgáfu merkisins á stafrænar vörur, vefi, öpp og lausnir á vegum Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllt fyrir hönd kynningarteymis Þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Pröstur Sigurðsson
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur